



---

## **Stutt sölukynning – Eyrir Invest hf.**

---

**Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans**

**6. nóvember 2018**

---

## Fyrirvari/hagsmunaárekstrar

- » Þessi stutta sölukynning er eingöngu til upplýsinga fyrir fjárfesta og varðar sölu á allt að 12,1% eignarhlut Landsbankans hf. (hér eftir einnig „bankinn“ og „seljandi“) í Eyrir Invest hf. (hér eftir einnig „félagið“ og „Eyrir“). Eignarhluturinn er boðinn til sölu í heild eða að hluta.
- » Þessi stutta sölukynning byggir á upplýsingum sem Eyrir (og e.a. Marel hf.) hefur veitt hluthöfum sínum (hér eftir nefndar „fjárhagsupplýsingarnar“), en Landsbankinn hefur verið hluthafi í Eyrir Invest frá árinu 2008. Aðrar upplýsingar en að framan greinir hafði Landsbankinn ekki við skoðun og mat á félaginu. Landsbankinn hefur ekki látið framkvæma áreiðanleikakönnun á Eyrir í tengslum við sölu á eignarhlut Landsbankans í félaginu og hefur ekki í hyggju að láta framkvæma slíka könnun í tengslum við framangreinda sölu.
- » Ábyrgð Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans og/eða Landsbankans takmarkast eðli málsins samkvæmt við framangreint varðandi tilurð fjárhagsupplýsinganna og veitir Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, og/eða Landsbankinn því ekki neina tryggingu eða ábyrgð, beint eða óbeint, á því að fjárhagsupplýsingarnar eða skoðanir í þessari stuttu sölukynningu séu nákvæmar, áreiðanlegar, sannar, réttar eða tæmandi. Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans, og/eða Landsbankinn eru því með engum hætti ábyrg fyrir hvers konar tjóni eða tapi, af hvaða tagi sem er, beint eða óbeint, sem tilboðsgjafi/viðtakandi eða tengdir aðilar kunna að verða fyrir, með því að nýta sér fjárhagsupplýsingarnar sem fram koma í þessari stuttu sölukynningu.
- » Engin trygging eða ábyrgð er veitt fyrir því að þær spár eða fyrirætlanir sem lýst er í þessari stuttu sölukynningu gangi eftir. Tilboðsgjafi/viðtakandi verður að framkvæma eigin athuganir og greiningar á þeim upplýsingum sem fram koma í þessari stuttu sölukynningu. Sérhver yfirlýsing í henni sem vísar til ætlaðrar eða væntrar framtíðarafkomu, framtíðarspár eða fyrirætlana er háð ákveðnum áhættu- og óvissuþáttum sem gætu leitt til verulega breyttra niðurstaðna. Af þessum sökum eru tilboðsgjafar/viðtakendur hvattir til að taka öllum framtíðarspám og fyrirætlunum með fyrirvara og þær skal á engan hátt skoða sem loforð um árangur í rekstri s.s. hagnað í framtíðinni.
- » Verði fjárfestir metinn hæfur til þátttöku í söluflerlinu, mun honum verða veittur aðgangur að ítarlegri fjárhagsupplýsingum um Eyrir Invest gegn undirritaðri trúnaðaryfirlýsingu þar um.
- » Landsbankinn áskilur sér rétt til að samþykka einstök eða öll tilboð sem berast og jafnframt að hafna einstökum eða öllum tilboðum. Gildir það um tilboðin í heild eða að hluta og án tillits til verðs þeirra. Afstaða til tilboðanna þarf ekki að byggja á sérstökum rökstuðningi og ber Landsbankanum ekki að veita upplýsingar þar að lútandi. Landsbankinn áskilur sér rétt til þess að breyta, hætta við eða fresta söluflerlinu hvenær sem er án sérstaks rökstuðnings. Landsbankanum ber ekki skylda til að bæta fjárfesti tjón eða kostnað sem hann kann að verða fyrir vegna þátttöku sinnar í söluflerlinu, vegna breytinga sem kunna að vera gerðar á söluflerlinu, hætt hafi verið við það eða því frestað.

### Hagsmunaárekstrar

- » Landsbankinn hefur greint hugsanlega hagsmunaárekstra í tengslum við sölu á eignarhlut sínum í Eyrir og gert ráðstafanir til að takmarka þá eins og kostur er.
- » Landsbankinn er eigandi þeirra hluta í Eyrir sem boðnir eru til sölu og umsjónaraðili sölunnar er Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans. Fjárfestum er því bent á að afla sér óháðrar ráðgjafar.
- » Framkvæmdastjóri Fjármála Landsbankans situr í stjórn Eyrir.
- » Fyrirtækjasvið Landsbankans er lánveitandi Eyrir og jafnframt Marels hf., en hlutabréf í Marel eru stærsta eign Eyrir. Fyrirtækjasvið Landsbankans kann að hafa yfir að ráða ítarlegri upplýsingum um rekstur félagsins og Marels en gerðar hafa verið opinberar hluthöfum félagsins en Fyrirtækjasvið er aðskilið Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans í samræmi við stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra, sbr. 4. þátt reglugerðar 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.
- » Landsbankinn er viðskiptavaki með hlutabréf í Marel sem tekin hafa verið til viðskipta í kauphöll. Hagfræðideild Landsbankans gefur reglulega út hlutabréfagreiningar á Marel. Hagfræðideild Landsbankans vinnur slíkar greiningar í samræmi við lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, reglur nr. 1013/2007, um opinbera fjárfestingaráðgjöf og reglugerð nr. 995/2007, um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

## Fjárhagsleg staða og eignasafn

Eyrir Invest er fjárfestingafélag með áherslu á alþjóðleg iðntæknifyrirtæki

- » Eyrir Invest hf. er fjárfestingafélag sem stofnað var árið 2000.
- » Heildareignir Eyris námu 663,2 milljónum evra þann 30.06.2018 og eiginfjárhlutfallið var 69,5%.
- » Eyrir hefur verið virkur fjárfestir í þeim félögum sem það hefur fjárfest í og hafa þau sögulega skilað góðri ávöxtun.

Fjárfestingasafn Eyris samanstendur aðallega af hlutum í Marel hf., Eyri Sprotum slhf. og Efni ehf.

- » Langstærsta fjárfestingareign Eyris er eignarhlutur í Marel hf. sem nemur um 25,9% af útgefnum hlutum í Marel, en félagið er skráð á Aðalmarkað Kauphallarinnar og birtir opinberlega upplýsingar um starfsemi sína í samræmi við reglur sem gilda um félög skráð á skipulegan verðbréfamarkað.
- » Næst stærsta fjárfestingareign Eyris er um 46% eignarhlutur í Eyri Sprotum slhf., fjárfestingafélagi sem fjárfestir í nýsköpunarfyrirtækjum.
- » Aðrar fjárfestingareignir eru m.a. þriðjungshlutur í Efni ehf. sem sérhæfir sig í að byggja upp nýjar markaðs- og söluleiðir fyrir fyrirtæki í gegnum netsölu og samfélagsmiðla.

Landsbankinn er stærsti hluthafinn í Eyri með 22,0% af útgefnum hlutum

- » Útgefni hlutir í Eyri Invest hf. eru 993.307.648 en útstandandi hlutir eru 991.122.977. Hver hlutur er að fjárhæð ein króna að nafnverði. Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu hlutafjár. Allir hlutirnir eru í einum flokki.
- » Nánar er fjallað um réttindi og skyldur er varða hluti í félaginu í samþykktum þess.
- » Landsbankinn er stærsti hluthafinn í Eyri með 22,0% af útgefnum hlutum.
- » Þar á eftir eru stofnendur Eyris; Þórður Magnússon og Árni Oddur Þórðarson.
- » Þrír stærstu hluthafarnir eiga samtals um 57% af útgefnum hlutum í Eyri.

## Söluferlið

### » Opið söluferli á allt að 12,1% eignarhlut Landsbankans í Eyri Invest hf.

- » Landsbankinn býður til sölu, í heild eða að hluta, allt að 12,1% af útgefnum hlutum í Eyri Invest hf.
- » Söluferlið fer fram í samræmi við stefnu Landsbankans um sölu eigna í eigu bankans og er öllum opið sem teljast vera hæfir fjárfestar samkvæmt skilgreiningu í 9. tölulið 43. greinar laga nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti.
- » Lágmarkstilboðsfjárhæð í söluferlinu er að kaupverði 20 milljónir króna. Ekki verður tekið við lægri tilboðum í söluferlinu.
- » Áhugasamir fjárfestar geta haft samband við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans með því að senda tölvupóst á netfangið [solufarli@landsbankinn.is](mailto:solufarli@landsbankinn.is), auk þess sem nálgast má gögn á vef Landsbankans, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is).
- » Frestur til að skila trúnaðaryfirlýsingu og upplýsingum vegna mats á hæfi vegna þátttöku í söluferlinu rennur út kl. 16.00 mánudaginn 26. nóvember 2018. Gögnin skal senda með tölvupósti á netfangið [solufarli@landsbankinn.is](mailto:solufarli@landsbankinn.is).

### » Upplýsingagjöf í tengslum við söluferlið er tvískipt

- » Annars vegar verða birtar upplýsingar á vef Landsbankans, [www.landsbankinn.is](http://www.landsbankinn.is), sem allir hafa aðgang að og hins vegar munu fjárfestar sem skilað hafa inn trúnaðaryfirlýsingu og uppfylla hæfismat fá afhent ítarlegri kynningargögn.
- » Eftirfarandi gögn eru öllum aðgengileg og hafa verið birt á vefsíðu Landsbankans, en þar að auki verða tilboðsskilmálar birtir á vefsíðunni fyrir 12. nóvember 2018.

» Auglýsing birt í dagblöðum 6. nóvember 2018

» Trúnaðaryfirlýsing

» Upplýsingar um fjárfesti og hæfismat

» Samþykktir Eyrís Invest hf.

» Ársreikningur Eyrís Invest hf. fyrir árið 2017

» Stutt sölukynning (þessi kynning)

### » Helstu tímasetningar.

26. nóvember 2018 kl. 16.00: Frestur til að skila inn trúnaðaryfirlýsingu og hæfismati.

28. nóvember 2018 kl. 12.00: Frestur til að skila inn tilboðum rennur út.

29. nóvember 2018: Fjárfestum tilkynnt um niðurstöðu söluferlisins.

10. desember 2018: Uppgjörs- og afhendingardagur.